



Þjónustusamningur

Fræðslu- og frístundasvið fyrir hönd bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og undirritað dagforeldri gera með sér svofelldan þjónustusamning:

1. Mosfellsbær greiðir dagforeldri mánaðarlega, í ellefu mánuði á ári, fjárhæð vegna dvalar barna sem eru með lögheimili í Mosfellsbæ hjá dagforeldri, sem uppfyllir leyfi sveitarfélags til daggæslu barna í heimahúsi, bæði hvað varðar gæði og búnað.
2. Greitt er með hverju barni, sem vistast hjá dagforeldri. Greiðslur hefjast í mánuðnum sem barnið verður 9 mánaða.. Greiðslur vegna barna einstæða foreldra hefjast í mánuðnum sem barnið verður 6 mánaða.
3. Bæjarstjórn ákveður niðurgreiðslu til dagforeldra og gjald foreldra hverju sinni og birtist það í gjaldskrá sem gefin er út 1. janúar ár hvert og gildir í eitt ár í senn. Dagforeldri getur að hámarki innheimt vistunargjald hjá foreldrum skv. gildandi gjaldskrá. Tekið skal mið af hlutfallslegri launabreytingu á launaflokki 125.
4. Falli þjónusta dagforeldra niður vegna veikinda dagforeldris skal fara með það í samræmi við samræmdar reglur dagforeldra í Mosfellsbæ. Framlag Mosfellsbæjar fellur ekki niður vegna veikinda í allt að 10 daga á starfsárinu. Starfsár er frá 1. ágúst til 31. júlí.
5. Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslunni í allt að þremur dögum á ári sem nýtast til endur- og símenntunar og er kveðið á um það í samræmdum reglum dagforeldra. Mosfellsbær stendur fyrir einum af þessum fræðsludögum á ári um uppeldismál fyrir dagforeldra, þeim að kostnaðarlausu.
6. Taki dagforeldri sér leyfi milli jóla og nýárs skulu þeir draga þá daga frá vistunargjaldi foreldra en greiðslur frá Mosfellsbæ skerðast ekki vegna þessara daga.
7. Mosfellsbær leggur dagforeldrum í Mosfellsbæ til hlífðarfatnað á hverju ári sem svarar til kr. sömu upphæðar og starfsfólk í leikskóla fær og er skv. kjarasamningi STAMOS. Skulu þeir dagforeldrar sem eru með þjónustusamning við Mosfellsbæ 1. október ár hvert fá þessa upphæð til kaupa á hlífðarfatnaði. Greiðslu skal lokið fyrir 1. nóvember ár hvert.
8. Gera skal þríhliða vistunarsamning um vistun milli dagforeldris, foreldra/is og Mosfellsbæ við upphaf vistunar hvers barns þar sem þjónustusamningur þessi er lagður til grundvallar. Samningurinn fellur úr gildi um leið og barnið hættir í vistun hjá dagforeldrinu eða flytur úr sveitarfélaginu.
9. Greiðslur Mosfellsbæjar til dagforeldra skulu greiddast 1. virka dag hvers mánaðar. Greitt er fyrirfram. Ef barn byrjar í miðjum mánuði greiðist sá hluti mánaðarins með næsta mánuði.
10. Ef barn hættir hjá dagforeldri í lok apríl og fer í einhvern leikskóla bæjarins þá fá dagforeldrar niðurgreiðslu frá Mosfellsbæ fyrir maí og júní mánuð ef ekki vistast annað barn í staðinn hjá dagforeldrinu. Skilyrði fyrir greiðslu er að barnið hafi verið í vistun hjá dagforeldrinu frá 1. janúar sama ár. Þetta ákvæði á eingöngu við um dagforeldra sem eru starfandi í Mosfellsbæ.
11. Eftir eitt ár í starfi geta dagforeldrar í Mosfellsbæ geta sótt um fræðslu- og þróunarstyrk til Mosfellsbæjar að upphæð kr. 50.000 í hvert sinn. Þróunarstyrkinn skal nota til að bæta og efla daglegt starf í þágu barnanna. Hægt er óska eftir styrknum annað hvert ár. Úthlutun styrksins skal fara fram í samræmi við reglur Fræðslu- og frístundasviðs um fræðslu- og þróunarstyrk til dagforeldra.
12. Samningur þessi er uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara af báðum aðilum.

Dags:

F.h. Mosfellsbæjar

Dagforeldri

Kennitala

Bankanúmer

Netfang